

Umhverfisstofnun Áb. <i>DA SF</i>
08 JUNI 2004 <i>54.23</i>
Tilv. <i>UST20040500179</i>

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Arinbjörn Vilhjálmsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Sölveldisbraut 3
101 Reykjavík, Ísland

Tel: (4304) 591 2000
Fax: (4304) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

7. júní 2004

Tilvísun: UST20040500179/óá

Deiliskipulag frístundabyggðar við Álftavatn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu, dags. 27. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar við Álftavatn í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ofangreind tillaga nær til tveggja lóða í landi Miðengis í Grímsnesi. Eitt húsið hefur þegar verið reist og er ætlunin að reisa annað hús og leggja að því veg. Gert er ráð fyrir sameiginlegu svæði neðan lóðanna, meðfram Álftavatni.

Fyrirhuguð byggð er innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Alviðra og Sog (nr. 747)*, og því ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

Alviðra og Sog, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnassýslu. (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun (Yrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjöríð útivistarsvæði.

Í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008 er jafnframt lagt til að svæðið verði verndað sem búsvæði. Benda má á að við Álftavatn má finna hagabruðu, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á valistaunum er hún sett í flokk plantna þar sem upplýsingar um útbreiðslu og stofnstærð eru ekki nægilegar til að meta hvort hún er í útrýmingarhættu. Því er brýnt að varlega sé farið í framkvæmdir sem haft gætu áhrif á tilvist hennar á svæðinu.


Umhverfisstofnun hefur ítrekað bent á það í umsögnum sínum um svæði á náttúruminjaskrá að við vatnsbakka og strandir sé gert ráð fyrir a.m.k. eitt hundrað metra svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum. Í þessu tilfalli er um að ræða frístundahús innan eldri byggðar sem í sumum tilfellum hefur risið í innan við fimmtíu metra fjarlægð frá vatnsbakka, sem er sú fjarlægð sem skal að lágmarki vera frá byggingarreit að ár- og vatnsbakka utan þéttbýlis, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þar sem fyrirhugað frístundahús er innan frístundabyggðar sem liggur nær árbakkanum en 100 metra telur


Umhverfisstofnun að hægt sé að fallast á að frístundahúsið verði staðsett í innan við 100 metra fjarlægð frá árbakka.

Í III. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um almannarétt, umgengni og útivist, kemur fram að ekki skuli hindra fœr almennings meðfram ám og vötnum. Í ljósi þess telur Umhverfisstofnun brýnt að aðgengi meðfram Álfvatni sé tryggt neðan þessarar byggðar og að því skuli taka fram í deiliskipulagi að ekki skuli girða af hið sameiginlega svæði sem skilgreint er á deiliskipulagsupprætti.

Nánasta umhverfi húsanna er orðið manngert og mikið er af greni á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar mun bygging ofangreinds frístundahúss ásamt vegagerð ekki hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að þegar fulltrúar hennar fóru á vettvang til að kynna sér svæðið voru framkvæmdir þegar hafnar og telur stofnunin ástæðu til að gagnrýna þá málsmeðferð. Búið var að ryðja burt skógi og raska landi í kringum fyrirhugaða byggingu og því hefði lítið svigrúm verið til að taka tillit til hugsanlegra athugasemda Umhverfisstofnunar vörðandi staðsetningu bygginga eða vega.

Virðingarfyllt,


Sigrós Friðriksdóttir


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.